

1. Stjórnarfundur nýrrar stjórnar EBAK 25. mars 2025 kl. 16.30.

Allir mættir nema Margrét Alfreðsdóttir.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið einkum nýjan stjórnarmann Ólöfu Ingu Andrésdóttur.

1. Stjórnin skipti með sér verkum.

Karl Erlendsson, formaður, Björn Snæbjörnsson varaformaður, Karl Guðmundsson gjaldkeri og Valgerður Jónsdóttir ritari. Aðalmenn eru Fjóla Sigurðardóttir, Þóra Hjaltadóttir og Ólöf Inga Andrésdóttir. Varamenn eru Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir og Brynjólfur Ingvarsson.

2. Úrvinnsla aðalfundar.

Tvær ályktanir voru lagðar fram og samþykktar á aðalfundinum, um húsnæðismál EBAK og um kjaramál eldri borgara.

Samþykkt var að senda ályktun um húsnæðismál til bæjarstjórnar, formanns fræðslu og lýðheilsusviðs og til forstöðumanns félagsmiðstöðvanna, en einnig síðar til fjölmiðla á Akureyri.

Einnig var samþykkt var að senda ályktun um kjaramál til LEB og síðan til fjölmiðla á Akureyri.

Aðalfundurinn þótti góður og ganga hratt og vel fyrir sig.


Ákveðið var að aðilar úr stjórn hefðu samband við kórfélaga „Í fínu formi“ og ræddu hugmyndir stjórnar EBAK um hvort þau vildu starfa sem nefnd innan EBAK.

3. Flutningur skrifstofu EBAK.

Skrifstofan verður flutt eftir páska og kallað verður á vinnufund til að flytja muni á milli staða. Fara þarf í gegnum ýmsa pappíra og muni áður en flutt er.

4. Heimasíðan

Ný heimasíða EBAK er tilbúin og mun Garðar Lárusson vinna að færslu á milli heimasíða ásamt starfsmanni Stefnu.



5. Samningur við skrifstofustjóra/formann

Karl skrifstofustjóri og formaður segir starfið hafa þróast og hann er tilbúinn til að halda áfram störfum. Karl vék af fundi meðan aðrir stjórnarmenn ræddu launakjör hans. Ákveðið var að bjóða honum 5% hækkun launa skv. launaþróun og sama bílastyrk áfram. Samið er til eins árs. Reynslan er mjög góð af starfi hans. Tillagan var lögð fram og Karl samþykkti hana.

Önnur mál.

a. Gervigreindarnámskeið.

Skráning var mjög góð en yfir 50 manns óskuðu eftir þátttöku. Það verður haldið mánudaginn 31. mars og 7. apríl í Bugðusiðu, EBAK tekur þátt í kostnaði 5.000- kr. á hvern þátttakanda fyrir 40 manns. Til greina kemur að halda annað námskeið í haust þar sem áhugi er mikill, en fólki skal líka bent á að námskeiðið er haldið í Símei, en þá án niðurgreiðslu EBAK.

b. Stórþing

Verið er að undirbúa þing á vegum Akureyrarbæjar fyrir eldri borgara sem haldið verður í Hofi þ. 15. maí.

Þar taka þátt þeir eldri borgarar sem nota þjónustu bæjarins. Valið verður inn á þingið en einnig verður frjáls mæting. Búast má við 100 – 200 manns.

c. IBA 55+

Karl formaður greindi frá því sem er að gerast hjá ÍBA. Stofnaðir hafa verið vinnuhópar ýmissa sérfræðinga. Verkefnið er á góðu róli og fær yfirleitt jákvæðar undirtektir. Fljótlega þarf að huga að því að stofna félag og sækja um lóð í þursaholti. Þetta verður óhagnaðardrifið félag með hlutdeildaríbúðum, þar sem íbúar eiga 30% í íbúðinni en félagið 70%. Nú er spurning hvort EBAK vill stíga inn og sækja um lóðina í nafni félagsins.

d. Lagabreytingar LEB

Karl Guðmundsson kynnti lagabreytingar sem lagðar verða fram á aðalfundi LEB þ. 29. apríl n.k. Allar virtust þær vera til bóta og vel unnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15. Valgerður Jónsdóttir ritari.

Karl Guðmundsson
Valgerður Jónsdóttir
Björgvin Ingvarsson
Móti Inga Andreisdóttir

